

Sandkorn

Árshátíðarblað Sandgerðisskóla

2021



Vöxtur—Virðing—Vilji—Vináttá



Útgáfa Sandkorns 2021

Arnar Smári

Jezreel Mitas

Aþena Rún

Kristrún Blöndal

Daniel Örn

Lovísa Ósk

Elísabet Inga

Magnús Pétur

Elvar Örn

Margrét Karítas

Guðjón Davíð

Mikhael Máni

Hafþór Heiðar

Nökkvi Rúnar

Halldór Rúnar

Oliver Þór

Íris Dagmar

Sebastían Michael

Wiktoría

Ábyrgðarmenn: Örn Ævar og Vilborg Rós

Efnisyfirlit:

Kveðja frá fyrsta umsjónarkennara	4
Vorferð 9. bekkjar	5
Grettur 2021	6
Stóra Upplestrarkeppnin	8
Systrastríð	9
Viðtöl við fyrri nemendur	10-12
Hversu vel þekkir þú vin þinn?	13
Kveðja frá fyrrum umsjónarkennara	14-15
Framtíðarspá	16-18
Viðtal við frægan	19
Hversu vel þekkir þú vin þinn?	20-21
Mottó	22-24
Fréttir	25-26-29

Kveðja frá fyrsta umsjónarkennaranum

Elsku útskriftarnemar

Vá! Til hamingju. Tíu ára grunnskólagöngu að ljúka og nýr kafli að hefjast í lífi ykkar.

Ég man svo vel eftir fyrsta deginum ykkar í grunnskólanum. Þið voruð svo lítil og saklaus en líka svo stór og tilbúin og spennt að byrja í grunnskólanum. Ég man líka vel eftir foreldrum ykkar þennan dag. Þið, litlu börnin þeirra, að hefja grunnskólagöngu og ég sá það voru blendnar tilfinningar hjá þeim. Sum voru stressuð, hrædd, kvíðin en samt svo stolt og glöð því þetta var stór áfangi hjá ykkur. Þennan dag fengu þeir að fylgja ykkur inn í skólastofuna og voru með ykkur í smá tíma en þegar kom að kveðjustund og þeir þurftu að sleppa af ykkur hendinni var það aðeins erfiðara fyrir þá en ykkur. Svo þegar hurðin lokaðist á skólastofunni voru mörg augu að horfa inn um litla gluggann á hurðinni. Það var mjög krúttlegt.

Mér finnst ég vera heppin að hafa fengið að vera með ykkur tvö fyrstu skólaárin. Strax í upphafi fann ég að ég var með góðan, ákveðinn og námssterkan nemendahóp. Þið voruð fljót að læra, þið voruð hugmyndarík, listræn, já mjög metnaðarfullir nemendur. Við áttum margar skemmtilegar og góðar stundir saman og ýmislegt brallað og dettur mér í hug skemmtilega vorferðin þegar okkur var boðið heim til Nökkva að skoða öll dýrin sem voru fyrir utan heimili hans. Okkur leið eins og við værum komin alla leið í húsdýragarðinn en við vorum bara rétt fyrir utan bæinn okkar.

Já, það komu mörg rykkorn í augu mín við lok 2. bekkjar þegar kom að kveðjustund minni sem umsjónarkennari ykkar því mér þótti mjög erfitt að sleppa hendinni af „ungunum“ mínum. En ég var líka svo heppin að í mörg ár á eftir fékk ég knús frá mörgum ykkar á göngum skólans og þótti mér þá og þykir mér enn, innilega vænt um það. Knúsið ykkar gaf mér þau skilaboð um að mér hafði tekist vel upp þann tíma sem ég var að kenna ykkur. Það er búið að vera mjög gaman að fylgjast með ykkur úr fjarska og sjá ykkur vaxa, dafna og þroskast vel sem sjálfstæðir einstaklingar.

Jæja krakkar, nú er komið að því! Nú hefst nýr kafli og nýjar áskoranir í lífi ykkar og við taka mörg tækifæri sem þið fáid að velja úr um í þessum stóra heimi. Munið bara að velja rétt og fylgja hjarta ykkar því það skiptir öllu máli að ykkur sjálfum líði vel í heimi tækifæranna, heimi sem þróast á ógnarhraða, heimi sem er síbreytilegur en samt með svo mörgum möguleikum fyrir hvert og eitt ykkar til að finna og velja bestu leið að góðri og bjartri framtíð. Í framtíðinni munu hæfileikar eins og samvinnuhæfni, sköpunarkraftur og gagnrýnin hugsun verða þeir mikilvægustu og ég veit að þið hafið þetta allt í ykkur og ég hef fulla trú á því að þið munið gera ykkar besta. Munið bara að vera þið sjálf því að þannig eruð þið best, langbest.

Ég vil óska ykkur alls hins besta og gangi ykkur einstaklega vel í ókominni framtíð.

Þið munið ávallt eiga sérstakan stað í hjarta mínu.

Bestu kveðjur,

Helga Sigurðardóttir.



Vorferð

Mánudagsmorguninn 31. ágúst lagði 10. bekkur af stað í svaka vorferð fjórum mánuðum of seint ☺ (corona time). Það voru engin rifrildi um sæti í rútnu því hún var svo stór að við gátum setið þar sem við vildum. Við byrjuðum á því að bruna til Hveragerðis og fórum í allskonar þrautir þar og fórum síðan í hrikalega aparólu yfir fossinn í Varmá og mennirnir frá Iceland Activities þurftu að vaða yfir ána til að koma aparólunni á réttan stað. Eftir aparóluna skelltum við okkur síðan að borða og fengum sko rosalegt pítu hlaðborð á Ölverki og allir átu yfir sig nóg. Eftir pítuna fórum við á hestbak á Sólhestum sem var geggjað fjör, allir sprangu úr hlátri yfir hve litlir hestarnir hjá Elísabetu og Guðjóni voru. Það var mjög gaman í þessum útreiðartúr. Eftir það fórum við í Paintball og voru flestar stelpurnar frekar smeykar við að fara en allir skelltu sér þó og enginn sá eftir því nema kannski greyið Aþena sem fékk þrjú svaka skot í bakið og var vel marin eftir það. Þegar við vorum búin í Paintball fengum við muffins sem Hanna Sigga bakaði handa okkur og lögðum af stað í Hjarðarholt þar sem við ætluðum að gista fyrstu nóttina. Þegar við komum fórum við að borða og svo að koma okkur fyrir, húsið hjá stelpunum var allt út í köngulóm og það var ógeðslegt og margar neituðu að fara að sofa. Um kvöldið fóru allar stelpurnar til strákana og við tróðum okkur öll í eitt herbergi og spiluðum. Eftir það vorum við rekin aftur okkar herbergi og við þurftum að fara að sofa, ekki að margir gerðu það hehe.

Allir vöknudðu hressir og kátir (Not) og gerðu sig til í að fara í rútna og næsti áfangastaður var Vestmannaeyjar. Á leiðinni stoppuðum við á N1 og fengu okkur að borða og smá nammi. Svo lögðum við af stað til Landeyjarhafnar. Í Herjólfí voru Oliver og Mikhael ælandi á fullu vegna sjóveiki. Þegar við komum í land löbbaðum við að hótél Hamar. Þar sváfum við í litlum geimskipum. Eftir það fórum við að spranga. Leiðsögumaðurinn okkar kenndi okkur hvernig á að spranga og sýndi okkur að hann var frekar góður. Svo var Nökkvi fyrstur af okkur að prófa. Hann var einn af þeim bestu miðað við fyrsta skiptið sitt, Jezreel prófaði líka en það tók smá tíma því hann var svo hræddur. Leiðsögumaðurinn okkar talaði við okkur um pisjur og hvernig er best að bjarga þeim. Eftir það fóru allir í sund og þar var rennibraut með trampólíni sem er hægt að standa á!!! Hafið þið heyrt um það? Oliver var svaka ánægður með sjálfan sig því hann gerði afturábak heljarstökk. Í alvöru sko.. Hann talar ennþá um það í dag! Eftir sund fengu flestir sér ís og svo var frjáls tími þangað til allir fóru í ró. Það gekk frekar vel miðað við okkur.


Við vöknudum og fórum í morgunmat og síðan fengum við kökur út af því að Lovísa átti afmæli, við fengum bestu súkkulaðiköku sem við höfum smakkað. Síðan fórum við og hittum leiðsögumann og löbbaðum um hraunið. Hann sagði okkur allskonar sögur og við enduðum á Eldheima safninu. Í hádegismatnum fórum við á veitingastaðnum Gott og helmingnum af bekknum fannst maturinn ógeðslegur en hinum helmingnum fannst þetta geggjaður matur. Eftir hádegismatinn fórum við í rútuferð um eyjuna og stoppuðum við til að kasta písu út í sjó og að skoða lunda. Eftir rútuferðina var smá frjáls tími áður en við fórum í kvöldmat. Við fengum geggjaðar pítur. Eftir kvöldmat fórum við í Ribsafari og á Segway hjól og allir héldu að þetta væru eitthvert svaka hjól en síðan vorum við eins og einhver gamalmenni á þessu og fórum alls ekki hratt. Okkur var skipt í tvo hópa. Einn hópurinn voru strákar og hinn hópurinn voru stelpurnar, Guðjón og Jezreel. Fyrst fóru strákarnir og þegar þeir komu til baka sögðu þeir að þetta hefði verið geðveikt og þeir lugu að Oliver hefði orðið sjóveikur svo að hinn hópurinn yrði stressaður en þegar við fórum var þetta það skemmtilegasta sem við höfum gert. Við stoppuðum á einum stað og sáum sel sem að synti í áttina að okkur við fórum líka inn í helli og það var sungið afmælissöng fyrir Lovísu þar, á leiðinni til baka kveiktum við á Wap (mjög dónalegt lag) og fullorðna fólkið var í sjokki haha. Þegar allir voru búnir í Ribsafari og á Segway hjólunum löbbaðum við upp á hótél. Á leiðinni sáum við písku hjálparlausa á miðjum vegi sem Guðjón náði og tókum við hana með okkur upp á hótél. Hún svaf úti í kassa um nóttina svo slepptum við henni í sjóinn daginn eftir. Upp á hóteli var bara rólegt hjá okkur, við borðuðum nammi og muffins og spiluðum þar til að allir áttu að fara upp í.

Við vöknudum og fengum okkur morgunmat og pökkuðum niður til að gera okkur tilbúin fyrir brottför. Um hádegisbil fórum við í Herjólf. Í Herjólfí var Mikhael aftur að deyja og bjó hann inni á klósetti alla bátsferðina og þegar við komum til lands aftur þá byrjaði Oliver að æla. ☹️ Í rútuferðinni á leiðinni til baka var mjög rólegt og margir sofnuðu. Við stoppuðum hjá Seljalands fossi til að taka einn hring og skoða. Síðan löbbaðum við yfir að Gljúfrabúa og það var mjög fallett og gaman. Við vorum mega sátt við þessa vorferð, allir tóku þátt og hópurinn stóð þétt saman í því að hafa gaman. Svo stoppuðum við á Selfossi og við fengum að velja hvort við vildum kaupa okkur Subway eða ís. Eftir það keyrðum við heim og þessi geggjaða vorferð var búin.



Grettur 2021!





ICE FISH

ICELAND

Stóra upplestrarkeppnin

Stóra-Upplestrarkeppnin er árleg upplestrarkeppni sem fer fram í 7. bekk á hverju ári. Nemendur 7. bekkjar byrja undirbúning við keppnina 16. október á degi íslenskrar tungu. Þjálfunin byrjar með upplestraræfingum í kennslustundum og endar sá undirbúningur með bekkjarkeppni þar sem allir nemendur lesa upphátt. Þeir efstu taka þátt í skólakeppninni sem er haldin á sal skólans. Þær Ásdís, Emilía og Gabriela úr 7. bekk munu keppa fyrir hönd Sandgerðisskóla á lokakeppni Stóru-Upplestrarkeppninnar þann 18. mars. Þær voru í efstu þremur sætunum í skólakeppninni en 17 nemendur úr bekknum þeirra tóku þátt. Lokahátíðin verður haldin hér í Sandgerðisskóla að þessu sinni þann 18. mars.



Systrastríð



Margrét svarar um Gunnlaugu

Hvað er uppáhalds lagið hennar Gunnlaugar? 2 of us - Luis Tomlinson (What makes you beautiful)

Hvernig er augnliturinn hennar Gunnlaugar? Blár (blár)

Hvenær á Gunnlaug afmæli? 20. júlí (20. júlí)

Hvað er uppáhalds maturinn hennar Gunnlaugar? Sushi (Kjúklingasúpa)

Í hvaða skótaskærð er Gunnlaug? 39 (39)

Hvernig síma á hún Gunnlaug? iPhone 11 (iPhone 11 Max Pro)

Klukkan hvað fæddist hún Gunnlaug? Tvö um nóttina (07:06)

Hvað er uppáhalds gosdrykkurinn? Kristall (Nocco)

Snakk eða nammi? Nammi (Nammi)

Sumar eða vetur? Sumar (Sumar)

Gunnlaug svarar um Margréti

Hvað er uppáhalds lagið hennar Margrétar? Gotta go my own way - High school musical (If I die young- Glee)

Hvernig er augnliturinn hennar Margrétar? Blár (Blár)

Hvenær á Margrét afmæli? 4. september (4. september)

Hvað er uppáhalds maturinn hennar Margrétar? Doritos (Subway)

Í hvaða skótaskærð er Margrét? 37 (38)

Hvernig síma á Margrét? iPhone x (iPhone xr)

Klukkan hvað fæddist hún Margrét? 16:05 (4 um nótt)

Hvað er uppáhalds drykkurinn hennar Margrétar? Mjólk (Mjólk)

Snakk eða nammi? Snakk (Snakk)

Sumar eða vetur? Sumar (Sumar)

Viðtöl við fyrrverandi nemendur

1. Hvað fórstu að gera eftir 10. bekk fórstu í skóla eða vinnu og þá hvaða skóla eða hvaða vinnu?
2. Ef þú fórst í skóla, hver er mesti munurinn á að vera í framhaldskóla eða grunnskóla?
3. Hvað er erfiðast/leiðinlegast og hvað er skemmtilegast/best?
4. Hvernig er félagslífið, hefur það breyst mikið eftir grunnskóla?
5. Hvers saknarðu mest eftir grunnskóla?
6. Mælirðu með skólanum sem þú ert í, í dag? hvað er best við hann og hvað mætti laga?



Viktoría Íris Kristinsdóttir

Eftir grunnskóla fór ég í Fjölbrautaskóla Suðurnesja á hárgreiðslubraut en vann hinsvegar í fiski rétt áður en skólin byrjaði. Munurinn er sá að í rauninni ertu mikið frjálfsari og þarft að bera meiri ábyrgð á sjálfri þér og náminu meira en þú þurftir að gera í grunnskóla en annars mjög gaman. Það sem er erfiðast fyrir mér á síðustu önn var til dæmis Covid. Covid eyðilagði eiginlega busaárið hjá okkur nýnenum og gerði allt í rauninni erfiðara eins og til dæmia fjarkennsla og bara að hitta aldrei vini sína. Það skemmtilegasta við framhaldskóla er bara að maður kynnist svo mikið af nýju og skemmtilegu fólki og svo lærði ég margt nýtt. Félagslífið var frekar ömurlegt útaf Covid, öllum böllum var frestað og ekkert að gerast en núna er allt að verða frekar venjulegt aftur en það breyttist voða lítið.

Ég sakna mest að vera með öllum vinum mínum, kennaranna, gangavarðanna og matsins. Já ég myndi mæla með Fjölbrautasókla Suðurnesja hann er bara mjög þægilegur og góður skóli alls ekkert sem ég hef út á hann að setja.



Kara Petra Aradóttir

Eftir grunnskóla fór ég í Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Eftir að ég fór í FS hefur verið margskonar breyting bæði í námi og félagslífi. Námið verður ýtarlegra og skemmtilegra, en lagt er meiri ábyrgð á okkur nemendurna á að hafa utanumhald um allt námsefnið.

Síðan þessi vírus kom sem óboðinn gestur í líf okkar. Hefur verið lítið um félagslega atburði í fjölbrautaskólanum. Maður hittir þó vini sína í tímum og í matartíma einnig í pásam.

Það sem ég held að sé mest krefjandi er að geta ekki brosað til þeirra sem maður labbar framhá á göngunum (gríma) og skemmtilegasta er að tala við vini sína og læra alltaf eitthvað nýtt á hverjum degi.

Ég sakna mest kennaranna og það að þekkja alla krakkana og starfsfólkið sem eru í skólanum.

Ég mæli með FS því hann bíður uppá á fjölbreytt nám. Besta við skólann er að þú getur valið þér

hvað þú vilt læra, versta eru menningarreglurnar í

skólanum t.d. hér máttu sitja ekki þarna eða þarna heldur aðeins þarna eða hér hjá glugganum. Eða t.d þegar það dæmt er manneskju fyrir að klæðast öskudagsbúning. En með hverjum skóla fylgir einhver svona menning svo maður verður bara að stjórna því hvað maður hugsar eða segir og ekki týnast í hugsun sem dæmir aðra fyrir að vera t.d hugrakkir við það að fara í öskudagsbúning í skólann. Kveðja Kara Petra



Ásdís Gunnarsdóttir

- 1.Ég er í FS og er ekki að vinna neitt.
- 2.Mesti munurinn sem ég fann er að það er mikið betra félagslíf í fjölbraut og það fara allir sínar leiðir eftir grunnskóla og finna sinn félagsskap.
- 3.Mér fynnst ekkert erfitt þannig nema stærðfræði hahah og leiðinlegasta er stærðfræði og ef þú lendir í leiðinlegum kennara þá er það ekki gaman og skemmtilegast er að vera með vinum úr öðrum bæjum og kynnast nýu fólki og best eru bara pásunar.
4. Félagslífið er bara fínt en gæti verið betra FS er ekki jafn lélegur skóli og ég hélt að hann væri.
- 5.Röggu,Hörpu og Hafdísar.
- 6.Mér fynnst FS allt í lagi en langar í annan skóla.

Sunneva Rún Hlynsdóttir



Ég ákvað að stíga út fyrir þægindaramman og skella mér í Kvennaskólann í Reykjavík. Mesti munurinn er að þú berð meiri ábyrgð á náminu þínu. Í grunnskóla hjálpa kennarar þér ótrúlega mikið en ekki jafn mikið í framhaldsskóla. Erfiðast eru örugglega lokaprófin þau taka mjög mikið á. Skemmtilegasta er félagsskapurinn og það að ég náði að kynnast svo ótrúlega mörgum krökkum. Mér finnst félagslífið í Kvennó ótrúlega skemmtilegt og þú ert aldrei dæmdur fyrir að vera þú sjálfur. Allir taka á móti þér eins og þú ert. Það hefur breyst mikið eftir grunnskóla, þegar ég var í grunnskóla var bekkurinn minn alltaf saman en erum lítið saman núna. Ég verð að viðurkenna að ég sakna Vilborgar mest. Hún er besti kennari sem þið finnið. Og svo sakna ég líka

Skólamats. Matur í framhaldsskóla er svo dýr. Ég mæli 100% með að fara í Kvennó ef þig langar ekki í FS eða að þig langar að fara í skóla í bænum. Það besta við skólann eru krakkarnir, allir svo skemmtilegir og fjölbreyttir.

Nes Múr ehf.

Sími: 896 8185

Hversu vel þekkir þú vin þinn?

Hjörvar svarar um Elfar

Spurning—svar (rétt svar)

- Er hann Elfar goon? Já (já)
- Hver er draumabíllinn hans Elfars?
- Yaris gr (Bjöllubíll))
- Hvað hefur hann Elfar átt margar kærustur? 1 (3)
- Hvað er uppáhalds fatamerkið hans Elfars?
- Puma (Okei slayy)
- Hvað er uppáhalds lagið hans Elfars?
- I want it that way (El Titanic Justin Bieber)
- Hver er draumvinnann hans Elfars?
- Strákastrippari (atvinnumaður)
- Hver er uppáhalds maturinn hans Elfars? Hangikjöt og baunir (sviðasulta).
- Hver er uppáhalds drykkurinn hans Elfars?
- Mjólk beint úr kúnni (mjólk)
- Hver er Uppáhalds fótboltamaðurinn hans Elfars allra tíma? Bamford (Halldór)
- Hvort finnst Elfar betra, Nike eða Adidas? Adidas (Nike)



Elfar svarar um Hjörvar

Spurning—svar (rétt svar)

- Er Hjörvar goon? nei (nei)
- Hvort finnst Hjörvari betra ,Metro eða McDonalds? McDonalds (McDonalds)
- Hvað er uppáhalds lagið hans Hjörvars?
- Loading- Central c (Baby- Justin Bieber)
- Uppáhalds fótboltamaður? Jota (Oliver)
- Uppáhalds kennarinn hans Hjörvars? Oliver (Ragga)
- Hvernig síma á hann Hjörvar? iPhone 11 (iPhone 11)
- Uppáhalds maturinn hans Hjörvars? Lasagne (Fiskur)
- Uppáhalds drykkurinn hans Hjörvars? Kristall (Egg)
- Persónuleiki eða andlit? Andlit (Andlit)
- Hvaða lag syngur hann Hjörvar í sturtunni?
- I fall apart- Post Malone (Baby – Justin Bieber)



Kveðja frá fyrrum umsjónarkennara



Gullin mín, öll sem eitt.

Ég hef átt marga umsjónarbekki og tengst þeim öllum góðum tengslum. En það er einn bekkur sem átt hefur hug minn og hjarta framur öðrum og það eru þið. Þið eruð síðasti bekkurinn sem ég naut þess að hafa sem umsjónarnemendur. Þið fóruð í gegnum erfitt tímabil með mér þegar ég missti heyrnina og þurfti að hætta að kenna. Ég á ykkur svo ótrúlega margt að þakka. Þið kennduð mér umburðarlyndi, þið kennduð mér að meta fjölbreytileikann og umfram allt þá kennduð þið mér hvernig það er að vera metin og að gefast ekki upp. Hvert og eitt ykkar hefur á einhvern hátt markað mig sem fagmanneskju þegar það kemur að kennslu og menntun – líka þið sem ekki voruð í minni umsjón



Þegar ég horfi til baka þá man ég tímann þegar það var verið að byggja sundlauginu og ég fékk að kenna ykkur íþróttir og sund. Ég man þegar Lovísa Ósk vann mig í plankakeppni (shokker). Ég man þegar Magnús Pétur kom til okkar og smitaði okkur af lífsgleði sinni. Ég man þegar við kvöddum Helga og buðum Helgu Lind velkomna. Ég man alla fallegu bekkjarfundina sem við áttum saman og ræddum heimsins mál og leystum heimsins vandamál. Ég man að ef ég var ekki með hlutina á hreinu þá var Aþena Rún með þá á hreinu eða hvernig Hafþór Heiðar gat alltaf komið með aðra hlið á málefnum. Ég man hvernig Guðjón Davíð fékk alltaf 10 í stærðfræði án þess að hafa nokkuð fyrir því eða hvernig Nökkvi Rúnar gat alltaf séð spaugilegu hlutina og fengið okkur til að brosa. Ég man að Þórdís Thelma elskaði að læra með bókina sína á stólnum sitjandi á borðinu. Ég man hvað Arnar Smári brosti fallega og var vinur allra. Ég man hvað Halldór Rúnar vildi hafa allt í röð og reglu og Daníel Örn sem fylgdi alltaf öllum fyrirmælum. Jezreel sem föntraði gull og gersemar úr pappír og Íris Dagmar sem gat teiknað eins og listamaður. Krístrúnu sem lagði alltaf metnað í allt sem hún gerði og Sigríði sem alltaf þáði knús og gaf hlýju. Birgittu Sól sem var rebelinn okkar og bauð heiminum birginn, Sebastian Michael sem sem kenndi okkur að fara óhefðbundnar leiðir og Margéti Karitas sem alltaf var tilbúin að aðstoða með umhyggju og umburðarlyndi og síðastur og alls ekki sístur Mikhael Máni sem átt hefur ótal stundir með mér og rætt ótrúlegustu málefni.

Ég man hvað Wiktoría og Elísabet Inga féllu vel inn í hópinn og þáðu knús frá kennara sem aldrei kenndi þeim en þær tengdust engu að síður – það var eins og þær hefðu alltaf átt að vera hjá okkur. Ég man hvað Oliver Þór bara kom og sá og sigraði mig á 0 einni með sinni einstöku jákvæðni og gleði. Ég man Elvar Örn sem ég rétt missti af að fá að kenna áður en hann flutti. Ég man foreldra sem stóðu alltaf með mér sama hvað mér datt í hug að framkvæma börnum þeirra til náms og fræðslu. Öll dýrin sem við fengum í heimsókn og allar myndirnar sem ég á af ykkur <3

Ég man ljóðabókina sem við gáfum út og sömdum öll ljóðin í. Ég man allar vettvangsferðirnar sem við fórum um allan bæ eða verkefnum sem við gerðum um allt og ekkert. Ég man stofuna okkar – fulla af allskonar hlutum sem við bjuggum til og föntruðum og ég man hvað ég var stolt af ykkur eftir samræmdu prófin sem þið rúlluðuð upp. Ég man hvað ég á óendanlega margar fallegar minningar um börn sem stálu hjarta mínu og hvað ég er ótrúlega stolt af ykkur öllum.

Kæri 10. bekkur – ég óska ykkur öllum alls hins besta. Ég vona að grunnskólagangan ykkar sé full af lærdómsríkum stundum, ljúfum minningum og reynslu sem þið búið að um aldur og ævi. Ég vona einnig að þið ræktið hvert annað, vináttu ykkar og bekkjarheild um ókomna tíð. Að vera hluti af hóp í 10 ár er gjöf sem ber að varðveita. Að fá að vera hluti af þeim hóp í smá tíma var heiður.

Ykkar alltaf Erla.

Vörudreifing ehf

og

Norðurkot ehf

**Styrktu útgáfu
Sandkorns 2021**





Blaðamaður Sandkorns fékk að kíkja í kristalkúluna hjá Rögggu kennara til að kanna hvað framtíðin ber í skauti sér hjá útskriftarárgangi skólans.

Arnar Smári

Fer í FS þrjár annir, ákveður svo að fara í Versló þar sem hann kynnist stelpu sem verður konan hans og munu þau eiga nokkur falleg börn saman. Í Versló lærir hann náttúrufræði og fer svo í HÍ og lærir náttúrufræðikennarann. Hann mun svo kenna náttúrufræði á unglingsstigi ásamt því að vera yfir björgunarsveitinni á Suðurnesjunum.

Aþena Rún

Aþena mun fara í FS og klára stúdentinn þar. Eftir það fer hún í Háskóla Akureyrar þar sem hún lærir hjúkrunarfræði. Í náminu kynnist hún manni sem er læknir og verða þau ástfangin. Þegar hún útskrifast úr náminu flytja þau saman í íbúð í Reykjavík sem er sutt frá Landspítala Íslands þar sem Aþena starfar eftir námið. Þau giftast svo og eignast 4 börn saman.

Daníel Örn

Daníel fer í MH á tónlistarbraut. Í skólanum kynnist hann mikið af tónlistarfólki og byrja þau að æfa saman. Þau enda með því að stofna litla hljómsveit þar sem Daníel verður gítarleikarinn. Hljómsveitin verður mjög fræg á Íslandi og heldur marga tónleika um allt land.

Elísabet Inga

Klárar FS og eftir það býr hún til nýjan orkudrykk sem slær í gegn. Hún stofnar svo fyrirtæki sem framleiðir orkudrykki og verður það frægt um allan heim. Elísabet fer til USA að kynna orkudrykkinn sinn og kynnist þar manni sem hún giftist svo nokkrum árum seinna og eignast 2 börn með honum.

Elvar Örn

Fer í Borgarholtsskóla, útskrifast þaðan sem bifvélavirki og opnar sitt eigið verkstæði með vinum sínum sem hann kynntist í Borgó. Í Borgó hittir hann konu sem hann giftist svo síðar, þau eignast svo þrjú börn og lifa hamingjusöm til æviloka.

Guðjón Davíð

Hann Guðjón verður formaður Rafeindasambands Íslands. Hann fer svo læra förðun eftir að hafa verið svo hrifinn af förðunarvalinu sem hann var í 10. bekk. Hann flytur til USA og fer að farða frægt fólk fyrir kvikmyndatökur.

Hafþór

Hafþór tekur vinnuvélaréttindi og finnur sér vinnu á gröfu. Í vinnunni kynntist hann draumaprinsessunni, þau giftast og eignast 2 stráka. Eftir að hafa unnið nokkur ár á gröfu fer hann í Menntaskólann á Ásbrú og lærir tölvuleikjarfræði og nær langt í þeim bransa.

Halldór

Halldór klárar stúdent í FS á íþróttافرæðibraut. Eftir það flytur hann til Bretlands og vinnur þar sem fótboltaþjálfari. Hann kemur liðinu sínu langt og verður heimsfrægur þjálfari. Eftir að hafa náð langt sem þjálfari verður hann aðstoðarþjálfari Liverpools.

Íris Dagmar

Fer í Listaháskóla Íslands og lærir Arkitektúr. Hún útskrifast úr honum 3 árum seinna. Eftir útskrift fer hún á listasýningu og hittir þar „the love of her life“. Þau búa saman með hundunum sínum. Hún opnar svo sína eigin Arkitektúr stofu sem verður vinsæl.

Jezreel

Uppgötvaður af módelbransanum. Nær mjög langt og verður model fyrir stórt fyrirtæki eins og L.V. á meðan tekur hann student rólega, fæ svo leið og fer í listaskóla og lærir fatahönnun og verður mjög eftirsóttur.

Kristrún

Fer í FS og klárar nokkur tímabil með Keflavík. Fær svo samning hjá Chelsea og spilar þar í nokkur ár. Hún smellir sér svo í Love Island þar sem hún kynnist hún draumaprinsinum og eignast þau tvíbura.

Lovísa Ósk

Lovísa fer í MR og klárar þar stúdentinn, fer í HA og lærir þar hjúkrunarfræði. Eftir háskólanámið fer hún að starfa sem hjúkrunarfræðingur hjá Pfizer þar sem hún mun ferðast um heiminn að kenna öðrum hjúkrunarfræðingum að meðhöndla bóluefnið þeirra rétt. Í náminu hittir hún tilvonandi manninn sinn og eignast þau saman 2 stelpur.

Magnús Pétur

Magnús mun flytja til Rússlands og fara í skákbúðir sem Gary Kasparov stendur fyrir. Hann fær gífurlegan áhuga á skák og verður heimsfrægur skákmeistari. Á milli skákmóta og æfinga mun Magnús vinna í Kjörbúðinni í Sandgerði. Á einu skákmótinu kynnist hann konu og gifta þau sig.

Margrét Karítas

Margrét fer í FS og klárar stúdent þar. Eftir stúdentinn lærir hún íþróttافرæði og gerist fimleikaþjálfari. Ásamt þjálfuninni þá er hún alltaf að æfa crossfit. Eftir að hafa starfað sem fimleikaþjálfari í nokkur ár flytur hún til USA til að leggja ofuráherslu á crossfittið en hún ætlar að vera The World Fittest Woman. Þar kynnist hún draumaprinsinum.

Mikhael Máni

Fer í Borgó og lærir bifvélavirkjan og fatahönnun. Eftir það opnar hann sitt eigið verkstæði þar sem hann gerir við bíla og selur sína eigin fatalínu Mikko Moon. Einn daginn gengur kona inn á verkstæðið sem Mikhael verður ástanginn af við fyrstu sýn. Þau giftast hvort öðru og eignast 2 börn saman.

Nökkvi Rúnar

Nökkvi verður bóndi á stórum bóndabæ þar sem hann ræktar búfénað og selur sem hágæða vöru. Í frítíma sínum gerir hann glæsileg málverk sem hann selur svo fyrir góða upphæð. Málverkin hans verða mjög vinsæl sem gerir það að verkum að Nökkvi verður ríkur.

Oliver Þór

Oliver klárar stúdent í FS með góðum árangri af íþróttabraut af afrekslínu. Eftir FS fer hann í Keilir og lærir einkaþjálfarann. Hann starfar sem einkaþjálfari í nokkur ár en fær svo leið á því og fer í Háskóla Reykjavíkur, þar lærir hann íþróttufræði og starfar svo sem íþróttakennari í Sandgerðisskóla ásamt því að vera ráðgjafi hjá KSÍ varðandi styrktarþjálfun.

Sebastían

Sebastían fer í Tækniskólann í Hafnarfirði og útskrifast þaðan. Eftir það fer hann að vinna í Elko í 2 ár og býr svo til sinn eigin tölvuleik sem verður frægur um allan heim. Hann kynntist draumakonu sinni á kaffihúsi, eignast 2 börn með henni og svo flytja þau saman til Bandaríkjana þar sem hann heldur áfram að gefa út vinsæla tölvuleiki.

Wiktoría

Mun klára FS, eftir það fer hún í naglaskóla og útskrifast úr honum. Eftir útskriftina fer hún til New York og opnar naglastofu sem heitir Wikki nails og mun kynnast þar manni á Tinder. Ári síðar giftast þau og eignast tvíbura.

Hár- snyrti- og nuddstofan SPEZ

Sími: 4237953

Miðnestorgi 3, 245 Suðurnesjabæ

Viðtal við frægan

1. Fullt nafn? Arnar Gauti Arnarsson. (Lil Curly)
2. Hvaða grunnskóla varstu í? Áslandsskóla.
3. Hvað er það erfiðasta við að vera frægur? Haha en eflaust bara að þú "þarft" að sýna gott fordæmi.
4. En það besta? Þarf ekki að vinna og frítt dót.
5. Hvað eru helstu á hugamálin þín? Góð vibes, sprellið og business.
6. Hulinn hæfileiki? Get hlustað á sama lagið í 4 daga án þess að vera þreyttur á því.
7. Uppáhalds söngvari? Justin Bieber.
8. Skilaboð til nemenda í Sandgerði? Þið eruð meistara og það er ekki cool að taka í vörina.
9. Lag til að taka inn í helgina - The spins með Mac Miller.



Hversu vel þekkir þú vin þinn?



Sindri svarar um Piotrek

Spurning—svar (rétt svar)

Hvað hefur Piotrek átt margar kærustur? Hann hefur aldrei átt kærustu. (Nokkrar)

Hvort finnst Piotrek betra KFC eða Serrano? Serrano (Serrano)

Hver er uppáhalds gosdrykkurinn hans Piotrek? Pepsi Max (Pepsi Max)

Hvort finnst Piotrek betra Snickers eða Mars? Mars (Mars)

Hvað fær Piotrek sér í bragðaref? Mars, kökudeig og oreo (Oreo, Snickers og Hlaup)

Uppáhalds fatamerki hans Piotrek? Louis Vuitton (Louis Vuitton)

Hvaða liði heldur Piotrek með í fótbolta? Liverpool (Liverpool)

Uppáhalds sjónvarpsefnið hans Piotrek? Joe Rogan podcastið (Joe Rogan podcastið)

Hvað er vandræðalegasta atvikið hans Piotrek? Bakkaði á bíl eða eitthvað (Veit ekki)

Hver er drauma bíllinn hans Piotrek? Tesla (Mercedes Benz)E Class 350)

Draumaferð? - Skemmtiferðaskip um Atlantshafið (Ítalía)

Piotrek svarar um Sindra

Spurning—svar (rétt svar)

Er Sindri vandræðalegur á stefnumótum.? Nei en hann kann hins vegar ekki að velja góðan veitingastað (satt)

Býr Sindri í bílskúr.? Já (já)

Langar honum Sindra að keyra á hann Mikhael mána. ? Nei það held ég ekki (nei)

Hver er uppáhalds maturinn hans Sindra? Pizza á Dominos (Pizza á Dominos)

Myndi Sindri spyrja þig um að vera wingman? Nei haha (nei)

Hvenær fór Sindri seinast a stefnumót? Það veit ég ekki (14 feb)

Hvernig síma á Sindri? iPhone 11 (iPhone x)

Myndi Sindri fara í lýtaraðgerð? Nei (nei)

Hvað er vandræðalegasta atvikið hans Sindra? Þegar hann vaknaði sköllóttur í Færeyjum (rétt)

Hver er drauma bíllinn hans Sindra? Range Rover Vogue (Range Rover Vogue)

Hversu vel þekkir þú vin þinn?

Gunnar svarar um Alexander

Spurning— (rétt svar) svar

Skeinar hann Alexanders sér standandi?

Já - (nei)

Hvað er uppáhalds bíllinn hans Alexanders?

Mercedes Benz AMG (Mercedes Benz AMG)

Drauma vinna? Vinna í fiski - (Bífvélavirki)

Hvernig síma á Alli?

2nd gen Samsung X (2nd gen Samsung X)

Uppáhalds leikmaður í FIFA?

Veit ekki - (Son eða Aubameyang)

Hvað er uppáhalds fatamerkið?

Nike (Fendi)

Hver er uppáhalds sjónvarpsþáttur?

Top boy (Top Boy)

Hvað er uppáhalds fagið í skólanum?

Danska (tölvur)

Hver er uppáhalds maturinn?

Croissant (burger)



Alli svarar um Gunnar

Spurning—(rétt svar) svar

Skeinar Gunnar sér standandi?

Alveg örugglega (nei)

Hver er uppáhalds bíllinn?

Chevrolet Camaro (Chevrolet Camaro)

Hver er drauma vinnan hans Gunnars?

Bífvélavirki (bífvélavirki)

Hvað er uppáhalds lagið hans Gunnars?

Barbie girl (Veit ekki)

Hvernig síma á hann Gunnar?

Samsung j8 e30 99 módel turbo (Samsung Galaxy A8)

Hvað er uppáhalds fatamerkið hans Gunnars?

Truce (Nike jordan)

Hver er uppáhalds þátturinn hans Gunnars?

Rust to riches (Rust Valley)

Hver er uppáhalds maturinn hans Gunnars?

Burger (Maccaronigrautur)

Sefur Gunnar i sokkum? Nei (Nei)

Lífsmottó 10. bekkjar

Arnar Smári



Nei.

Aþena Rún



#lífiðerfokkingnúna

Daníel Örn



Ekkert.

Elísabet Inga



Ég hata ykkur öll.

Elvar Örn



Það er ekki of seint að fara aftur uppí rúm.

Guðjón Davíð



Allt sem ég sé þakka ég hakki og spaggetti.

Hafþór Heiðar



Vertu sterkur eins og ég.

Halldór Rúnar




Ég er ennþá í sjokki að Oliver komst í gegnum grunnskóla.

Íris Dagmar



Betra er autt rúm en illa skipað!

Jezreel Mitas



Too glam to give a damn.

Kristrún Blöndal



Ef þú ert ekki að svitna þá ertu að fitna.

Lovísa Ósk



Þú myndir ekki höndla mig jafnvel þótt ég kæmi með leiðbeingum.

Magnús Pétur



Roblox er lífið.

Margrét Karítas



Velkomin í raunveruleikann.
Hann sökkar. Þú munt elska hann.

Mikhael Máni



Mig langar að þakka Google, Wikipedia og hann sem kom upp með copy and paste.

Lagnir og Þjónusta ehf.

S.8243410-8243411

- Alhliða pipulagnir
- Lagnamyndavél
- Stíflubjónusta
- Hitamyndavél

pipulogn@pipulogn.is pipulogn.is

Nökkvi Rúnar



2020 var ömurlegt.

Oliver Þór



Þú færð kraft úr mömmumjólk.

Sebastían Michael



Skate fast, Eat trash

Wiktoría



Hannah Montana sagði að enginn væri fullkominn en hér er ég.





Bóndadagurinn

Á hverju ári heldur Sandgerðisskóli upp á bóndadaginn og konudaginn. Í 8. og 10 bekk bökuðu stelpunnar fyrir strákana og öfugt og buðu hvort öðru uppá. Allir kvenkyns starfsmenn skólans bjóða líka öllum karlkyns starfsmönnum út að borða í tilefni dagsins. Þeir sem sagt velja sér stað, taka sig saman og fara út að borða og konurnar greiða fyrir þá reikninginn. Svo á konudaginn fara þeir í eldhúsið í kaffistofunni, elda dýrindis súpu, brauð og köku í eftirrétt og bjóða konunum uppá.




Öskudagurinn

Á hverju ári heldur sandgerðisskóli upp á öskudaginn þar sem allir koma í búningum í skólann. 10.bekkur er alltaf með einhverju þema, í ár mætti 10. bekkur sem heilbrigðisstarfsfólk ásamt þríeykinu okkar góða. Þeir koma alltaf á óvart í endirinn á öskudagskralli á sal sem er alltaf svaka stuð.



Morgunmatur

Við í Sandgerðisskóla byrjum daginn ávallt á hollum og góðum morgunmat. Nemendum okkar eru boðið uppá heitan og ljúffengan hafragraut ókeypis og eru allir velkomnir í morgunmat hér. Starfsfólk okkar gerir sitt besta til að láta nemendum okkar líða vel í matsalnum og að við borðum öll saman svo enginn verði útundan.



Covid-19

Sandgerðisskóli er búinn að standa sig aldeilis vel í Covid-19 veseninu. Við erum búin að vera dugleg að sótthreinsa og nota grímur, við fylgjum tveggja metra reglunni og gleymum því ekki að hafa gaman. Unglingastigið er búið að ganga í gegnum fjarkennslu og styttri skóladaga vegna veirunnar. En þrátt fyrir erfiðleikana er búið að vera frábært hér hjá okkur í Sandgerðisskóla.




Stanslausir skjálftar og eldgos

Við Sandgerðisskóli fylgjumst spennnt með öllum skálftunum sem eru stanslaust að aukast. Við höfum mikla samhúð með Grindvíkingum sem eru búnir að hristast í margar vikur. Spáð er eldgosi en ekki er vitað hvar. Við erum þó mjög líklega ekki í mikilli hættu. Eldgos byrjaði svo í Fagradalsfjalliföstudaginn 19. mars. Áhugavert verður að sjá hve lengi gosið varir.



ALMENN JÁRNAVINNA VIÐGERÐIR OG NÝSMÍÐI

VERKALÝÐS- OG SJÓMANNAFÉLAG SANDGERÐIS



**STOFNAÐ
27.OKTÓBER 1929**



NÝ-FISKUR

Hafnargata 1, 245 Sandgerði

Sími: +354 420-7600

Email: skrifstofa@nyfiskur.is



NÝ-FISKUR

Frábrugðnir föstudagar

Tíundi bekkur ásamt umsjónakennara tók upp á því að hafa frábrugðna föstudaga á þessu skólaári. Það sem felst í því er að í hverri viku fer fram umræða og ákveðið er þema fyrir hvern föstudag eins og allir koma í hettupeysu einn daginn, blómáþema á konudaginn, gallabuxnaþema,



Endurlífgun

Víkuna 8. - 12. mars fengu nemendur í 6 til 10 bekk í Sandgerðisskóla kennslu og þjálfun í endurlífgun frá Þórnýju skólahjúkrunarfræðingi HSS.

Árið 2018 ákvað Þróunarstöð heilsugæslu á landsvísu að innleiða sambærilegt verklag héraendis undir íslenska heitinu Börnin Bjarga. Haustið 2019 var þessu verkefni hleypt af stokkunum hér á landi og kennsla í endurlífgun er því orðin hluti af skyldufræðslu skólahjúkrunarfræðinga um allt land. Allir nemendur frá 6. til 10. bekkjar munu árlega fá þjálfun og kennslu í endurlífgun, með áherslu á hjartahnoð.

Þetta er vissulega stórt skref og metnaðarfullt verkefni, en tilhugsunin um að einhvern tíma verði allir Íslendingar, 12 ára og eldri búnir að fá kennslu í endurlífgun er býsna góð og rúmlega það.



Öskudagurinn



Til hamingju árgangur 2005!

Við erum stolt af ykkur.



SUÐURNESJABÆR

VELKOMIN Í SUÐURNESJABÆ